

111

29. des.

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1953.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1953 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1952.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

112

29. des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 12. jan. 1952, um breyting á lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

8. gr. laga nr. 1/1952 orðist svo:

Þegar Tryggingastofnun ríkisins greiðir barnalífeyri samkv. 1. málgr. 27. gr. laganna, á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr. laganna.

Verði vanskil af hálfu föður, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkv. 76. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947.

Um endurkröfurétt framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkv. ákvæðum framfærslulaga. Þverskallist framfærslusveit við að greiða, eignast Tryggingastofnunin þann rétt, sem dvalarsveit móður á samkv. framfærslulögum, til að endurkrefja ríkissjóð um upphæðina.

Aðrar bætur og styrki, sem Tryggingastofnunin á endurkröfurétt á, skal innheimta með sama hætti.